

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/16/EB

frá 19. febrúar 2003

um aðlögun að tækniframförum á III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/1/EB<sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefnd um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt vísindanefnd um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli er óhætt að nota moskusxýlen í snyrtivörur upp að fræðilegum hámarksupptökuskammti sem nemur um 10 µg/kg á dag, þó ekki í vörur til munnhirðu.
- 2) Samkvæmt vísindanefnd um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli er óhætt að nota moskusketon í snyrtivörur upp að fræðilegum hámarksupptökuskammti sem nemur um 14 µg/kg á dag, þó ekki í vörur til munnhirðu.
- 3) Þar til áhættumati á þessum tveimur efnum er lokið, í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna<sup>(3)</sup>, eru þau skráð til bráðabirgða, til 28. febrúar 2003, í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.
- 4) Áhættumati hefur ekki verið lokið í samræmi við framangreinda reglugerð. Af þessum sökum ber að framlengja það tímabil sem moskusxýlen og moskusketon má vera skráð í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum sem miða að því að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með snyrtivörur.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Við tilvísunarnúmer 61 og 62 í g-dálki 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE komi dagsetningin „30.9.2004“, í stað „28.2.2003“.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. febrúar 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB L 5, 10.1.2003, bls. 14.<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.